



Rannsóknir frá forsetakosningum í USA

**Hinum óvænta ósigri í bandarísku
forsetakosningunum í nóvember á liðnu ári, kenndi
Hillary Clinton Rússlandi um. Að Moskva hefði hagrætt kosningunum. Ný rannsókn
vísindamanna frá bandarísku háskólunum í Boston og Minnesota leiðir til allt annarrar
niðurstöðu**



Hinum óvænta ósigri í bandarísku forsetakosningunum í nóvember á liðnu ári, kenndi Hillary Clinton Rússlandi um. Að Moskva hefði hagrætt kosningunum. Ný rannsókn vísindamanna frá bandarísku háskólunum í Boston og Minnesota leiðir til allt annarrar niðurstöðu. Hin jákvæða afstaða Clintons til stríðs hafi kostað demokratann þau atkvæði sem um munaði, vegna þess hve stór hluti Bandaríkjamanna er orðinn þreyttur á stríði. Í sameiginlegri samantekt á rannsókninni segir orðrétt:

„Síðastliðin 15 ár hafa Bandaríkin verið í stöðugu stríði en eingöngu fáir Bandaríkjamenn virðast taka eftir því. Það liggur í því að stór hluti borgaranna hefur engin bein tengsl við hermenn á átakasvæðunum, þá sem deyja í átökum eða koma særðir heim frá vígvellinum. Gjáin verður æ stærri á milli þeirra samfélagssvæða þar sem ungt fólk hefur látið lífið fyrir land sitt, og þeirra svæða þar sem það ekki gerðist.“

Því fleiri sem fórnalömb stríðsins voru á bandarísku svæði, því fleiri íbúar þess studdu Trump. Í aðdraganda forsetakosninganna gagnrýndi Trump harðlega stríðið gegn Írak 2003 og Lýbíu 2011. Andstæðingur hans hafði hinsvegar stutt Írakstríðið. Þar að auki var Hillary Clinton drifkrafturinn á bak við þá hernaðarhlutun í Líbíu sem steypti landinu í upplausn og átök, allt fram á þennan dag. Með gagnrýni Trumps á þessi árásarstríð gat hann að lokum náð sterkt til aðstandanda bandarískra hermanna. Tvöfalt fleiri þeirra gáfu honum atkvæði sitt í forsetakosningunum, frekar en Clinton.

Þrjú sambandsríki gerðu útslagið fyrir sigur Donald Trumps: Pennsylvanía, Michigan, og Wisconsin. Þótt forskot hans væri knappt færði það honum að lokum atkvæði allra kjórmanna í þessum ríkjum. Hefði eitt þessara ríkja haft örlítið færri stríðsfórnlömb þá hefði val kjósenda líklega ekki færst frá demókrötum yfir til repúblíkana - meirihlutinn hefði þá kosið Hillary Clinton í Hvíta húsið.

Í rannsókninni er því líka bætt við að Trump sé ekkert einsdæmi. Fyrirrennari hans græddi líka á stríðspreytu Bandaríkjamanna. Barack Obama flutti líka í Hvíta Húsið árið 2008 vegna þeirrar skýru afstöðu sem hann tók gegn Írakstríðinu sem undanfari hans George W. Bush hóf.

Augsýnilega er það þannig að þegar þjóðir eru lengi viðriðnar stríð þá fá þær sig einhverntíman fullstadda á því. Breski rithöfundurinn og samfélagsumbótafrömuðurinn Henry Havelock Ellis orðar þetta á þessa leið:

„Það er ekkert sem stríð hefur náð fram, sem hefði ekki betur náðst án stríðs.“

eftir hm

Heimildir:

https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=2989040
<https://deutsch.rt.com/nordamerika/54106-us-studie-clinton-hat-wahlen-verloren-kriegstreiberisch>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknun af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.